

03. júlí 2019

2019100066

Frúmrít - skilist til skjalasafns

Samningur milli Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar, Strandabyggðar, Súðavíkurhrepps, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar annars vegar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hins vegar um rekstur Náttúrustofu Vestfjarða.

Bolungarvíkurkaupstaður kt. 480774-0279, Ísafjarðarbær kt. 540596-2639, Strandabyggð kt. 570806-0410, Súðavíkurhreppur kt. 630269-4589, Tálknafjarðarhreppur kt. 640269-6779 og Vesturbyggð kt. 510694-2369, hér eftir nefnd rekstraraðili, og umhverfis- og auðlindaráðuneytið kt. 571189-1519 gera með sér eftirfarandi samning um rekstur Náttúrustofu Vestfjarða:

1. Náttúrustofa Vestfjarða starfar í samræmi við lög nr. 60/1992, með síðari breytingum, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, sbr. lög nr. 92/2002.
2. Náttúrustofa Vestfjarða er aðili að Samtökum náttúrustofa, SNS, sem vinna að sameiginlegri uppbyggingu náttúrustofa á Íslandi.
3. Náttúrustofa Vestfjarða kt. 610397-2209 hefur aðsetur í Bolungarvíkurkaupstað. Náttúrustofan getur þó haft starfsstöðvar víðar ef rekstraraðili og stjórn Náttúrustofu koma sér saman um það.
4. Starfssvæði Náttúrustofunnar er á Vestfjörðum.
5. Náttúrustofan hefur það að markmiði að byggja upp þekkingu og rannsóknir á Vestfjörðum og fá önnur sveitarfélög á því svæði til samstarfs.
6. Um hlutverk Náttúrustofu Vestfjarða vísast til 11. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Á samningstímanum er jafnframt lögð áhersla á þátttöku og aðkomu Náttúrustofa að verkefnum sem lúta að skipulagðri vöktun á náttúru landsins til samræmis við ákvæði 10 gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Samráðsnefnd, skv. 11. gr. samnings þessa er falið að útfæra þau. Komi til annarra verkefna umfram stofnframlag sbr. 12 gr. þessa samnings skal gerður um þau sérstakur samningur.
7. Ábyrgð á rekstri og starfsemi Náttúrustofunnar er hjá þeim sveitarfélögum sem gert hafa samning um rekstur hennar. Sveitarfélög sem eru aðilar að rekstrinum, eiga og reka Náttúrustofuna með stuðningi ríkisins. Eignir og verkefnaval Náttúrustofunnar eru þó undir hennar stjórn og umsjón.
8. Náttúrustofunni er heimilt að vinna verkefni utan síns starfssvæðis og veita öðrum sveitarfélögum en þeim sem að rekstri hennar standa þjónustu, enda komi fyrir greiðsla samkvæmt gjaldskrá sem stjórn náttúrustofunnar setur.
9. Náttúrustofa Vestfjarða skal skila inn til ráðuneytisins fyrir lok apríl ár hvert ársskýrslu og ársreikningi stofunnar.
10. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið getur hvenær sem það telur þörf á, kallað eftir upplýsingum um rekstur stofunnar úr bókhaldi hennar. Skulu gögn stofunnar vera tiltæk í a.m.k. sjö ár óski ráðuneytið, eða eftir atvikum Ríkisendurskoðun eftir því að skoða þau. Um eftirlit Ríkisendurskoðunar gilda lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Sinni Náttúrustofan ekki upplýsingaskyldu sinni, eða skili ekki umsömdum gögnum á réttum tíma getur ráðuneytið krafist endurgreiðslu á greiddu fjárframlagi, að hluta eða öllu leyti.
11. Á samningstímanum skal starfa samstarfsnefnd um verkefni og áherslur náttúrustofa, sem er vettvangur til að vinna að því að efla starfsemi náttúrustofa. Nefndin skal funda að lágmarki tvisvar á ári. Þar verði farið yfir þau verkefni sem

kom
Jóni
Ríkisendurskoðun
Ríkisendurskoðun

náttúrustofum eru falin, áherslur og möguleg ný verkefni af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Nefndina skipa tveir fulltrúar úr hópi forstöðumanna Náttúrustofanna, fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands, fulltrúi Umhverfisstofnunar, tveir fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem starfrækja náttúrustofur og fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðherra sem jafnframt er formaður. Samband íslenskra sveitarfélaga á áheyrnarfulltrúa í samstarfsnefndinni.

12. Framlag ríkissjóðs til Náttúrustofunnar ákvarðast í fjárlögum hvers árs til launakostnaðar og almenns rekstrar. Árið 2019 er framlagið í fjárlögum 20,7 m.kr. Sveitarfélögin sem að samningnum standa munu leggja sameiginlega fram a.m.k. 30% af framlagi ríkis til reksturs stofunnar sem kemur til viðbótar framlagi ríkis.

Samningur þessi er gerður á grundvelli 9. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur með síðari breytingum og gildir til fimm ára eða til ársloka 2023. Heimilt er báðum aðilum að óska eftir endurskoðun á samningnum á samningstíma. Í slíkum tilfellum er samningurinn uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, dags. 20.2.2019 2019


f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Dags. _____ 2019

Dags. _____ 2019


f.h. Bolungarvíkurkaupstaðar

Dags. 08.08 2019


f.h. Súðavíkurhrepps


Dags. 11/2 2019


f.h. Ísafjarðarbæjar

Dags. 11.2. 2019

f.h. Tálknafjarðarhrepps

Dags. 21/2 2019


f.h. Ströndabyggðar
mátturinn er um
samf. sveitastj.


f.h. Vesturbyggðar